

Með samþykkt þessari er úr gildi numin endurskoðuð samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík, staðfest 24. des. 1908.
Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

68
26. maí

Þetta er hjermeð birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

I stjórnarráði Islands, 26. maí 1915.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Auglýsing

69
31. maí

um framlenging á gildi reglugjörðar 7. maí 1910, um veiði og samveiði í ánum Laxá og Bugðu í Kjósarhreppi.

Sýslunefndin í Kjósarsýslu hefir eftir löglegan undirbúning samkvæmt lögum 19. febrúar 1886, um friðun á laxi, samið reglugjörð um það, að reglugjörð um veiði og samveiði í ánum Laxá og Bugðu í Kjósarhreppi, staðfest 7. maí 1910, skuli halda áfram að gilda um næstkomandi 5 ár, frá 1. júní 1915 til 1. júní 1920.

Reglugjörð þessi staðfestist hjermeð og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

I stjórnarráði Islands, 31. maí 1915.

I fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.